## Fundargerð: Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps - 493

| | |
|---|---|
| **Fundarnúmer:** | 1512007F |
| **Fundardagur:** | |
| **Fundartími:** | 17:00 |
| **Fundarstaður:** | Miðtúni 1, Tálknafirði |

### Fundarmenn

| Heiti | Hlutverk |
|---|---|
| Indriði Indriðason (II) | formaður |
| Kristinn Hilmar Marinósson (KHM) | aðalmaður |
| Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ) | aðalmaður |
| Jón Örn Pálsson (JÖP) | aðalmaður |
| Ásgeir Jónsson (ÁJ) | Aðalmaður |

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar, engar athugasemdir voru gerðar og skoðast því fundurinn löglegur. Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá að við bætast þrír nýjir liður, Fundargerð Samráðsnendar og tvær fundargerðir fræsðlunefndar. Aðrir liðir færast neðar sem því netmurdagskrá aðrir liðir

### Dagskrá

**1. 1512005F - Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 10**

Fylgiskjöl:

Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 10 -

**Niðurstaða:**
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

## Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 10

**Haldinn í fundarsal bæjarstjórnar að Aðalstræti 63, Patreksfirði, 14.12.2015 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:** Ásgeir Sveinsson (ÁSV) aðalmaður, Magnús Jónsson (MJ) aðalmaður, Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) aðalmaður, Indriði Indriðason (II) aðalmaður,

**Fundargerð ritaði:** Indriði Indriðason, formaður.

### Dagskrá:

**1. 1512016 - Ársreikningur MEÓ, 2014.**

Gerður B Sveinsdóttir endurskoðandi MEÓ fór yfir ársreiknings safnssins.
Ársreikningurinn er samþykktur samhljóða.

**2. 1512017 - Fjárhagsðáætlun MEÓ**

Fjárhagsáætlun MEÓ fyrir árið 2016 er lögð fram með áorðnum breytingum.
Fjárhagsáætlun MEÓ 2016 er samþykkt samhljóða.

**3. 1512018 - Geymsluhúsnæði MEÓ**

Skoðaðir voru kostir með geymsluhúsnæði.

**4. 1511024 - Bíldudalsvegur 63 yfir Mikladal.**

Samráðsnefnd þakkar bréfriturum fyrir erindið, samráðnefnd tekur heilshugar undir með bréfriturum.
og felur bæjarstjóra Vesturbyggðar og sveitarstjóra Tálkafjarðarhrepps að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum.
Samþykkt samhljóða

**5. 1512019 - Sameiginleg skipulagsnefnd**

Skipukagsfulltrúa falið að kalla nefndina saman.
Samþykkt samhljóða.

**6. 1509074 - Stofnun hafnarsamlags.**

Afgreiuðslu frestað.

**7. 1512020 - Æskulýðsmál, sameiginleg verkefni.**

Samþykkt að vinna áfram að samvinnu í æskulýðsmálum og stefnt að því að reka sameiginlegan vinnuskóla árið 2016.
Samþykkt samhljóða.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00 .**